

REGLUGERÐ

um björgunar- og öryggisbúnað skemmtibáta.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja öryggi skemmtibáta og þeirra sem um borð eru.

Í þessari reglugerð er tilgreindur sá björgunar- og öryggisbúnaður sem skemmtibátar skulu búnir til að tryggja öryggi þeirra sem um borð eru. Ávallt þegar skemmtibátur er í notkun, skal hafa um borð þann búnað, sem krafist er skv. reglugerð þessari að teknu tilliti til farsviðs og stærðar bátsins. Skipstjóri skemmtibáts ber ábyrgð á að allur öryggis- og björgunarbúnaður sé í lagi þegar haldið er úr höfn, að honum sé vel við haldið og hann ávallt tilbúinn til notkunar.

2. gr.

Gildissvið.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til allra íslenskra skemmtibáta, sem eru skráðir eða skráningarskyldir hér á landi samkvæmt lögum um skráningu skipa og hafa skráningarlengd allt að 24 metrum. Ákvæðin gilda einnig um erlenda skemmtibáta sömu lengdar innan íslenskrar landhelgi.

Undanþegnir ákvæðum þessarar reglugerðar eru erlendir skemmtibátar, sem hafa tímabundna viðkomu innan landhelgi Íslands og sem hafa fengið viðeigandi leyfi íslenskra tollyfirvalda til að vera í förum innan landhelgi, að því tilskildu að þeir dvelji ekki lengur innan landhelginnar en sem nemur 9 mánuðum á hverju 12 mánaða tímabili.

3. gr.

Orðskýringar.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Björgunarbúningur* er einangrandi þurrbúningur ætlaður til að koma í veg fyrir ofkælingu.
2. *Björgunarfar* er far sem ætlað er til björgunar manna í hafsnauð.
3. *Björgunarhringur* er hringur úr flothæfu, föstu efni. Björgunarskeifa (horseshoe buoy) telst vera björgunarhringur í skilningi þessarar reglugerðar.
4. *Björgunarvesti* er fleytibúningur til að íklæðast.
5. *Endurskinsmerki* er merki sem endurkastar ljósi.
6. *Erlundur skemmtibátur* er skemmtibátur sem reglugerð þessi nær til og ekki er skráður á íslenska skipaskrá.
7. *Flotlykkja* er flothæft kastbelti með 30 m línu, sem kasta má til nauðstadds manns.
8. *Flugeldur* er blys sem skotið er á loft.
9. *Gúmmíbjörgunarbátur* er björgunarfar sem er uppblásanlegt en geymt óuppblásið og tilbúið til notkunar.
10. *Handblys* er kyndill sem haldið er á.
11. *Kasthringur* er lítill flothringur með 30 m línu.
12. *Losunarþúnaður* gúmmíbjörgunarbáts er:
 - a) Handvirkur þúnaður sem losar festingar gúmmíbjörgunarbátsins.
 - b) Sjóstýrður þúnaður sem losar festingar gúmmíbjörgunarbátsins.

13. *Milliskoðun* er skoðun á skemmtibát í samræmi við ákvæði reglugerðar um skoðanir á skipum og búnaði þeirra.
14. *Reglubundin aðalskoðun* er skoðun á skemmtibát í samræmi við ákvæði reglugerðar um skoðanir á skipum og búnaði þeirra.
15. *Skemmtibátur* er hver sá bátur sem ætlaður er til íþróttta-, tómsunda- eða skemmtisiglinga, þ.m.t. bátar sem ætlaðir eru til útleigu, óháð framdrifi bátsins.
16. *Strandsigling* er sigling með ströndum innan STK/A1 fjarskiptasviðs.
17. *Takmarkað farsvið* er afmarkað hafsvæði nánar skilgreint af Siglingastofnun Íslands, birt með auglýsingu og sem tilgreina skal í haffærisskírteini skemmtibáts. Hafsvæðið skal vera nærri þeim stað þáðan sem mögulegt er að hefja skipulagða leit með stuttum fyrirvara og skal afmarka leitarsvæðið við hafsvæði innan fjarða og flóa þar sem líklegt þykir að leit á sjó að mönnum í sjávarháská í dagsbirtu beri árangur innan einnar klukkustundar frá því að skipulögð leit hefst. Siglingastofnun birtir á heimasíðu sinni yfirlit yfir þau hafsvæði við strendur Íslands sem skilgreind eru sem takmarkað farsvið. Þegar um er að ræða skemmtibáta við strendur annarra ríkja skal eigandi skemmtibáts leggja fram nauðsynleg gögn til þess að unnt sé að afmarka það hafsvæði sem telst vera takmarkað farsvið. Við ákvörðun um staðsetningu og afmörkun hafsvæða sem teljast takmarkað farsvið skal auk þess taka mið af skilyrðum til fjarskipta.
18. *Upphafsskoðun* (U) er allsherjarskoðun á skemmtibát áður en hann er tekinn í notkun í samræmi við ákvæði reglugerðar um skoðanir á skipum og búnaði þeirra.
19. *Úthafssigling* er sigling milli landa og utan STK/A1 fjarskiptasviðs.
20. *Viðurkenndur þjónustuaðili* er einstaklingur eða fyrirtæki sem hefur heimild og hæfi til að annast reglubundnar skoðanir á björgunar- og öryggisbúnaði skemmtibáta.
21. *Öryggislitur* (saféty colour) er skær/áberandi litur til að auðvelda að koma auga á skip Öryggislitur skal vera rauður endurskinslitur eða öryggislitur sem uppfyllir gildi skv. sænska staðlinum SS 019102:

Litartónn:	Y60R – Y70R
Litarstyrkur:	C 90
Sverta:	S = 00-05

Rauð „Fluorcent“ málning eða límborði sem fullnægir sama staðli telst jafngildi ofangreindrar öryggismálningar.

Þegar lengd skemmtibáts er notuð í reglugerð þessari sem viðmiðun, er átt við skráningarlengd eins og hún er skráð í skráningarskírteini bátsins. Sé skráningarskírteini skemmtibáts ekki til staðar, t.d. þegar erlendir skemmtibátar eiga í hlut, skal Siglingastofnun Íslands úrskurða um skráningarlengd skemmtibáts.

4. gr.

Viðurkenningar og fyrirkomulag búnaðar o.fl.

Viðurkenndur þjónustuaðili skal leggja fram skriflega yfirlýsingu framleiðanda björgunar- og öryggisbúnaðar um heimild og hæfi þjónustuaðilans til að annast reglubundnar skoðanir á búnaðinum. Sé viðkomandi einstaklingur eða fyrirtæki að finna á vefsíðu framleiðanda á lista yfir viðurkennda þjónustuaðila, getur Siglingastofnun Íslands metið slíkt sem fullnægjandi staðfestingu. Geti þjónustuaðili ekki lagt fram staðfesta heimild framleiðanda björgunar- og öryggisbúnaðar sem fullnægjandi þykir eða sé hann ekki skráður á vefsíðu framleiðandans með þeim hætti sem fullnægjandi þykir, skal þjónustuaðilinn leggja fram gilt starfsleyfi eða staðfestingu opinbers stjórnvalds í því ríki sem þjónustuaðilinn starfar, því til staðfestingar að

hann hafi heimild þess stjórnvalds til að annast skoðanir og eftirlit með þeim björgunar- og öryggisbúnaði báta sem um ræðir. Sé gildistími ekki tilgreindur í staðfestingu framleiðanda eða stjórnvalds telst hún fallin úr gildi einu ári eftir útgáfudag. Upplýsingar um gildistíma og heimildir til að annast skoðanir á björgunar- og öryggisbúnaði skulu vera á ensku eða með enskum undirmálstexta, þannig að fullnægjandi teljist.

Öll björgunar- og öryggistæki og tengdur búnaður, þ.m.t. lögboðin siglingatæki, fjar-skiptabúnaður og legufæri, skulu fullnæga þeim stöðlum og viðmiðunum sem tilgreind eru í reglugerð þessari og öðrum viðeigandi stöðlum, sem Siglingastofnun telur fullnægjandi.

Öllum björgunar- og öryggisbúnaði skal þannig komið fyrir um borð í skemmtibátum að hann sé vel aðgengilegur þurfi að grípa til hans.

Eftirfarandi kröfur eru gerðar til staðsetningar björgunarbúnaðar:

1. Gúmmíbjörgunarbát skal komið fyrir þannig að mögulegt sé að sjósetja hann fyrirhafnarlítið, annaðhvort sjálfvirkt eða með þeim fjölda manna sem gera má ráð fyrir að sé tiltækur um borð. Gúmmíbjörgunarbátar skulu staðsettir þannig að þeir nái ekki út fyrir borðstokk eða þilfarsbrún.
2. Hvorki stoðir, stög né aðrar hindranir skulu torvelda losun og sjósetningu björgunarbáta. Skal sérstaklega hugað að því að gúmmíbjörgunarbátur geti ekki lent inn undir neðri þilför skips eða skorðast af undir handriðum eða mastursstögum.
3. Björgunarvesti og björgunarbúninga skal geyma á áberandi stað eða í hirslum sem eru skýrt merktar.
4. Flugelda og blys skal geyma í vatnsheldu íláti/umbúðum á áberandi merktum stað.

Leiðbeiningar um notkun öryggistækja, svo sem flugelda og slökkvitækja um borð í íslenskum skemmtibátum, skulu vera á íslensku og/eða með skýrum myndrænum texta.

5. gr.

Eftirlit með öryggis- og björgunarbúnaði.

Allur öryggis- og björgunarbúnaður sem krafist er í reglugerð þessari skal vera um borð þegar skoðun á öryggis- og björgunarbúnaði skemmtibáts er framkvæmd.

Upphafsskoðun, reglubundnar aðalskoðanir og árlegar milliskoðanir á búnaði skemmtibáta skulu gerðar í samræmi við reglugerð um skoðanir á skipum og búnaði þeirra og samkvæmt handbókum og skoðunarskýrslum Siglingastofnunar Íslands og fyrirmælum framleiðanda eftir því sem við á.

Skoðanir á gúmmíbjörgunarbátum, uppblásanlegum björgunarvestum, neyðarsendum, fjarskiptabúnaði til neyðarfjarskipta og slökkvitækjum skulu framkvæmdar af viðurkenndum þjónustuaðila og samkvæmt fyrirmælum framleiðanda, t.d. að því er varðar tíðni og umfang skoðana, en þó eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Þó skal aldrei samþykkja notkun gúmmíbjörgunarbáts til lengri tíma en sem nemur gildistíma vista og búnaðar sem í honum er.

Siglingastofnun er heimilt að víkja frá ákvæðum 3. mgr. um lögboðnar skoðanir á tveggja ára fresti og heimila að allt að þrjú ár megi líða á milli skoðana gúmmíbjörgunarbáta, björgunarvesta og neyðarsenda, ef lögð er fram fullnægjandi staðfesting framleiðanda viðkomandi búnaðar þess efnis að hann ábyrgist búnaðinn, virkni hans og áreiðanleika, þrátt fyrir að allt að þrjú ár líði á milli þess sem búnaðurinn er skoðaður af viðurkenndum þjónustuaðila. Skilyrði heimildar samkvæmt framangreindu eru að sá þjónustuaðili sem hyggst taka eða tekur viðkomandi búnað til skoðunar leggi fram:

- a) skriflega yfirlýsingu um eigin hæfi og getu til að fara að öllum fyrirmælum viðkomandi framleiðanda,
- b) ítarlega lýsingu á þeim búnaði sem notaður er við skoðunina og á því verklagi sem viðhaft verður eða viðhaft var við þá aðgerð.

Eiganda skemmtibáts, er heimilt að framkvæma árlegar milliskoðanir á öðrum öryggis- og björgunarbúnaði skemmtibáts en upp er talinn í 3. mgr., s.s. áttavita, staðsetningartækjum og lyfjaskrúni, enda séu slíkar skoðanir framkvæmdar samkvæmt handbókum og skoðunarskýrslum Siglingastofnunar.

6. gr.

Björgunarvesti og björgunarbúningar.

Skemmtibátar skulu búnir björgunarvestum fyrir alla um borð.

Björgunarvesti skulu uppfylla kröfur SOLAS eða viðeigandi EN-staðla eftir notkunarsviði og farsviði bátsins, sjá töflu I. Heimilt er að nota áfram björgunarvesti sem hafa áður verið viðurkennd og sem voru um borð í skemmtibát við gildistöku reglugerðar þessarar.

Uppblásanleg björgunarvesti skulu skoðuð og prófuð í samræmi við fyrirmæli framleiðanda.

Skemmtibátar í úthafssiglingum skulu búnir björgunarbúningum fyrir alla um borð. Björgunarbúningar skulu fullnægja ákvæðum LSA-kóðans um gerð öryggisbúnaðar.

7. gr.

Björgunarhringir.

Skemmtibátar skulu búnir björgunarhringjum, einum eða fleiri. Björgunarhringur skal geta borið 14,5 kg af járn í ferskvatni í 24 tíma.

A.m.k. einn björgunarhringur skal vera búinn flothæfri línu sem er minnst 27,5 m löng. Ef fjöldi þeirra björgunarhringja sem tilgreindur er í töflum í viðauka er tveir eða fleiri skal helmingur þeirra búinn sjálfkveikandi ljósum, sem fest eru við þá.

Björgunarhringi skal merkja varanlega og greinilega með skipaskrárnúmeri eða nafni skemmtibáts. Björgunarhringir skulu búnir fjórum endurskinsmerkjum, 5 cm breiðum, sem fest eru utan um hringina með jöfnu millibili.

Björgunarskeifur skulu búnar a.m.k. 4 endurskinsmerkjum hvoru megin 5 cm breiðum og 10 cm löngum.

Á skemmtibátum allt að 8 m að lengd má hafa flothæfan kasthring eða flotlykkju í stað björgunarhrings.

Í skemmtibátum, sem hafa skulu fleiri en einn björgunarhring, er heimilt að hafa flotlykkju í stað eins björgunarhrings.

8. gr.

Gúmmíbjörgunarbátar.

Skemmtibátar sem hafa heimild til strandsiglinga eða úthafssiglinga og allir skemmtibátar með takmarkað farsvið, sem eru 8 m að lengd og lengri, skulu hafa einn eða fleiri gúmmíbjörgunarbáta fyrir alla um borð. Ekki má nota minni en 4ra manna gúmmíbjörgunarbáta.

Skemmtibátar, sem eru ætlaðir til almennrar útleigu í atvinnuskyni, skulu búnir gúmmíbjörgunarbátum fyrir alla um borð án tillits til farsviðs.

Þegar tveir eða fleiri skemmtibátar eru í skipulögðu samfloti eða þegar fram fara siglingakeppnir á vegum skipulagðra samtaka skemmtibátaeigenda, mega vera allt að helmingi fleiri um borð í skemmtibát en sem nemur þeim fjölda manna sem gúmmíbjörgunarbátar bátsins eru gerðir fyrir, að því tilskildu að bátarnir séu notaðir innan hafsvæðis sem er skilgreint sem „takmarkað farsvið“ og að kröfum þessarar reglugerðar, að því er varðar annan björgunar- og öryggisbúnað, sé fullnægt.

Gúmmíbjörgunarbátar um borð í skemmtibátum skulu uppfylla kröfur SOLAS 74/83 eða ISO-9650, „Type I, group A“. Siglingastofnun Íslands er heimilt að samþykkja að gúmmíbjörgunarbátar um borð í skemmtibátum, sem eru notaðir í hlýju loftslagi, uppfylli kröfur ISO-9650, „Type I, group B“. Með „hlýju loftslagi“ er t.d. átt við siglingar á Miðjarðarhafi og í Karíbahafinu.

Neyðarbúnaður gúmmíbjörgunarbáta til nota í skemmtibátum með „takmarkað farsvið“ eða í „strandsiglingum“ skal, þar sem þess er krafist vera í samræmi við neyðarpakka B, SOLAS 74, sjá töflu III.

Neyðarbúnaður gúmmíbjörgunarbáta til nota í skemmtibátum með heimild til úthafsiglinga skal vera í samræmi við neyðarpakka A, SOLAS 74, sjá töflu II, eða í samræmi við neyðarpakka B, SOLAS 74, ef þeim neyðarbúnaði, sem tiltekinn er í töflu IV, er komið fyrir á merktum stað um borð í skemmtibátum.

9. gr.

Merking gúmmíbjörgunarbáta.

Á sérhvern gúmmíbjörgunarbát og umbúðir hans eða geymsluhylki skal skrá þann fjölda manna, sem báturinn er gerður fyrir, nafn framleiðanda, framleiðsluár og númer og þá tegund neyðarpakka sem viðkomandi bátur er búinn. Á umbúðir bátsins skal skrá dagsetningu síðustu skoðunar og nafn þess eftirlitsaðila sem skoðaði.

10. gr.

Losunar- og sjósetningabúnaður gúmmíbjörgunarbáta.

Gúmmíbjörgunarbátur skal vera búinn handvirkum losunarbúnaði þannig að unnt sé að losa bátinn frá skemmtibátum með einu handtaki á staðnum. Enn fremur skal gúmmíbjörgunarbáturinn vera tengdur losunarbúnaði sem losar gúmmíbjörgunarbátinn sjálfvirk frá skemmtibátum fyrir áhrif sjávar.

Gúmmíbjörgunarbátar 12 manna og stærri skulu búnir viðurkenndum losunar- og sjósetningabúnaði ef þeim er þannig fyrir komið að þeir við handvirka losun þeirra renna ekki viðstöðulaust út fyrir borðstokk og í sjó þegar skemmtibáturinn hefur allt að 15° slagsíðu í bæði borð.

Fangalína gúmmíbjörgunarbáts skal vera föst við skemmtibátinn.

11. gr.

Siglingatæki og sjókort.

Í öllum skemmtibátum skal vera einn fast uppsettur vökvaáttaviti, ætlaður til nota í bátum, sem sést vel á frá stýrisstað. Í skemmtibátum 12 m og lengri skal rós áttavita ekki vera minni en 100 mm í þvermál. Í skemmtibátum 6-12 m skal rós áttavita ekki vera minni en 70 mm í þvermál. Í skemmtibátum í strandsiglingum og úthafssiglingum skal auk þess vera átta-viti til miðunar.

Sérhver skemmtibátur í úthafssiglingum skal búinn GPS staðsetningatæki með við-eigandi loftneti.

Sérhver skemmtibátur skal hafa nýjustu útgáfu nauðsynlegra sjókorta, þ.e. yfirsiglinga- og sérkort. Nauðsynleg tæki skulu vera til að setja út í sjókort svo og vitaskrár, flóðtöflur og nauðsynlegar leiðsögubækur fyrir þau svæði sem fyrirhugað er að sigla um. Leiðréttingar, sem fram koma eftir útgáfu korts og birtar eru í tilkynningum til sjófarenda skulu færðar inn í kortin. Aðrar leiðréttingar, sem birtar eru, skal heimfæra þar sem við á.

Sérhver skemmtibátur skal búinn sjónauka.

Sérhver skemmtibátur í úthafssiglingum skal búinn loftvog og skipsklukku.

12. gr.

Siglingaljós, merki og öryggislitir.

Skemmtibátar skulu hafa siglinga- og merkjaljós þau sem alþjóðasiglingareglur gera ráð fyrir og ennfremur hin fyrirskipuðu dagmerki. Siglingaljós skulu vera af viðurkenndri gerð. Fyrirkomulag og styrkleiki siglingaljósa skal vera skv. alþjóðasiglingareglum. Varaperur skulu vera um borð fyrir hvert ljósker.

Á skemmtibátum skal ávallt vera til taks hvítt ljósker, handlukt eða vasaljós, sem gefur frá sér skæra birtu til nota við aflrof.

Farið skal að alþjóðasiglingareglum varðandi tæki til hljóðmerkja. Frávik eru heimil á skemmtibátum undir 8 m að lengd að því leyti að slíkir skemmtibátar, með takmarkað farsvið, mega vera búnir hljóðgjafa í stað þokulúðurs.

Í þeim tilgangi að vekja athygli sjófarenda á skemmtibátum minni en 15 metrar að lengd, skal hluti þeirra eða búnaðar um borð í þeim vera þakinn öryggislit, þ.e. lit sem sker sig úr og gerir bátana greinilegri í brotöldu að degi til. Öryggisliturinn skal:

1. sjást vel og vera áberandi allan hringinn í kringum bátinn;
2. vera á yfirbyggingu, skjólborðum eða búnaði ofan við borðstokk/pilfar bátsins;
3. þekja lóðréttan flöt sem er ekki minni en 0,8 m² að heildarflatarmáli eða um 0,2 m² að jafnaði á hverri hlið bátsins. Skal hver samfelldur litaður flötur ekki vera minni en 7,5 cm x 40 cm. Á seglbátum án stýrishúss skal a.m.k. 0,2 m² flötur á siglu vera ofan yfirbyggingar.

Heildarflatarmál öryggislitar má minnka í allt að 0,4 m² komi endurskinsborðar í stað öryggislitar.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að samþykkja annað fyrirkomulag en greinir í 4. og 5. mgr. til að vekja athygli sjófarenda á litlum skipum á siglingu í dagsbirtu.

13. gr.

Annar búnaður.

Skemmtibátar skulu búnir blysum og flugeldum í samræmi við töflur I, II og III. Sé skemmtibátur ekki búinn gúmmibjörgunarbát samkvæmt reglugerð þessari, skal hann búinn tveimur neyðarflugeldum. Flugeldar og handblys skulu endurnýjuð við lokadagsetningu þeirra, en fyrr ef vafi leikur á ástandi þeirra.

Flugeldar og blys skulu merkt stýrishjóli í samræmi við reglugerð um skipsbúnað.

Allir skemmtibátar skulu búnir föstum björgunarstiga eða öðrum samþykktum búnaði sem gerir manni sem fallið hefur í sjóinn mögulegt að komast af eigin rammleik aftur um borð.

Í sérhverjum skemmtibát 10 m að lengd og lengri skal vera eintak af eftirfarandi ritum og bókum:

1. lög um eftirlit með skipum,
2. siglingalög,
3. alþjóðasiglingareglur,
4. aðrar reglur og bækur, sem siglingalög mæla fyrir um,
5. eitt eintak af reglum þessum.

Í sérhverjum skemmtibát, sem búinn er gúmmibjörgunarbát, skal leiðbeiningarspjöldum um notkun gúmmibjörgunarbáta og leiðarvísi um merkjagjafir við björgun úr sjávarhásk komið fyrir á áberandi stað í bátnum.

Í sérhverjum skemmtibát skal vera lyfjakista eins og mælt er fyrir um í reglugerð um lyf og læknisáhöld í skipum til samræmis við töflu I.

Í sérhverjum skemmtibát skal vera vatnshelt vasaljós og krókstjaki.
 Sérhver skemmtibátur í úthafssiglingum skal búinn ljóskastara.
 Sérhver skemmtibátur í úthafssiglingum og strandsiglingum skal búinn radarspegli og þjóðfána.

14. gr.

Legufæri og festartæki.

Hver skemmtibátur skal hafa akkerisbúnað, skv. línuriti í töflu V, og honum þannig fyrirkomid að varpa megi a.m.k. einu akkeri á öruggan hátt í skyndi. Akkeri skulu vera tvö og skal aðalakkeri vega minnst 2/3 af heildarþyngd akkera. Þyngd aðalakkeris skal aldrei vera minni en sem nemur 2/3 hlutum af heildarþyngd legufæra samkvæmt töflu V. Akkerisbúnaður samkvæmt töflu V miðast við að skipstjóri skemmtibáts leiti tímanlega vars þegar útlit er fyrir aukna veðurhæð og verra sjólag, þar sem búnaður samkvæmt töflu V getur ekki haldið skemmtibát við verstu aðstæður fyrir opnu hafí. Til þess gæti þurft að tvöfalda þyngd akkeris og styrk búnaðarins.

Ef þyngd akkeris sem skemmtibátur skal búinn er meiri en 30 kg, skal vera um borð akkerisvinda eða búnaður sem nota má til þess að lyfta akkeri frá botni.

Hver skemmtibátur skal búinn minnst einni akkerisfesti með akkeriskeðju af lengd og með þvermáli skv. línuritinu í töflu V og þremur festartógum af lengd og með brotþoli skv. línuritinu. Akkeristaug skal vera keðja með þvermáli og styrkleika eins og fram kemur í töflu V.

Hver skemmtibátur skal hafa minnst eitt festartæki að framan og annað að aftan fyrir akkeristaug og til dráttar. Slík festartæki skemmtibáta, sem eru CE-merktir skulu fullnægja staðli EN ISO 15084:2003. Festartæki annarra skemmtibáta skulu þola álag P samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$P(N) = 50 \times \Delta/L$$

þar sem Δ er særými bátsins við mestu leyfilegu djúpristu í kg, og

L skráningarlengd bátsins í metrum.

15. gr.

Slökkvibúnaður.

Skemmtibátar sem samþykktir hafa verið á grundvelli reglugerðar nr. 168/1997 um skemmtibáta, skulu búnir slökkvibúnaði í samræmi við ÍST EN ISO 9094-1 2003 fyrir báta með skrokklengd allt að 15 m og ÍST EN ISO 9094-2 2002 fyrir báta með skrokklengd yfir 15 m.

Skemmtibátar sem ekki eru samþykktir samkvæmt reglugerð nr. 168/1997 um skemmtibáta og bera því ekki CE-merkingu, skulu búnir handslökkvitækjum skv. töflu I.

Handslökkvitæki skulu vera af viðurkenndri gerð fyrir A-, B- og E-elda og innihalda minnst 2 kg af slökkvimiðli eða jafngildi þess.

16. gr.

Fjarskiptabúnaður.

Skemmtibátar, sem hafa takmarkað farsvið eða heimild til strandsiglinga, skulu búnir eftirfarandi fjarskiptabúnaði:

- Föst metrabylgjustöð ásamt viðeigandi loftneti fyrir eftirfarandi rásir: Rás 16 (156.800 MHz), rás 6 (156.300 MHz), rás 13 (156.650 MHz), auk rása fyrir almenn fjarskipti.
- Viðtæki til móttöku veðurfregna.

Í skemmtibátum minni en 8 metrar að lengd með takmarkað farsvið má í stað fastrar metrabylgjustöðvar hafa færanlega metrabylgjustöð.

Skemmtibátar, sem hafa heimild til strand- og úthafssiglinga skulu búnir frífljótandi neyðarbauju á tíðninni 406 MHz, eða neyðarsendi á sömu tíðni, sbr. töflur I, II eða III. Heimilt er að víkja frá kröfu um frífljótandi neyðarbauju eða neyðarsendi gagnvart skemmtibátum með heimild til strandsiglinga og siglinga á takmörkuðu farsviði, séu þeir búnir fjar-skiptabúnaði fyrir sjálfvirka tilkynningarskyldu, sbr. lög um vaktstöð siglinga eða AIS búnaði með neyðarhnappi.

Skemmtibátar, sem hafa heimild til úthafssiglinga, skulu hafa um borð þann búnað sem krafist er samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar og að auki fjarskiptabúnað til neyðarfjarskipta. Fjarskiptabúnaður til neyðarfjarskipta getur verið INMARSAT skipajarðstöð, millibylgju-/stuttbylgjusendir MF/HF með stafrænu valkalli (DSC) eða annar búnaður sem Siglingastofnun Íslands telur sambærilegan.

17. gr.

Undanþágur.

Siglingastofnun Íslands getur veitt heimild til að víkja frá ákvæðum reglugerðar þessarar þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa, ef annað efni eða búnaður telst jafngilt að mati stofnunarinnar.

18. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt VII. kafla laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum.

19. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 4. mgr. 3. gr. og 1. sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júní 2007 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Reglugerðin skal endurskoðuð innan fjögurra ára frá gildistöku hennar. Jafnframt falla úr gildi öll ákvæði um skemmtibáta með skráningarlengd allt að 24 metrum í reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, nr. 189/1994, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 11. apríl 2007.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal.

TAFLA I

Björgunar- og öryggisbúnaður skemmtibáta minni en 24 m að skráningarlengd.
Safety equipment on board pleasure vessels of less than 24 m in registered length.

Farsvið <i>Area of operation</i>	Takmarkað farsvið <i>Restricted service</i>				Strandsigling <i>Coastal service</i>				Úthafsigling <i>Oceanic service</i>			
	< 8	8-10	10-15	15-24	< 8	8-10	10-15	15-24	< 8	8-10	10-15	15-24
Skráningarlengd <i>Registered length</i>	< 8	8-10	10-15	15-24	< 8	8-10	10-15	15-24	< 8	8-10	10-15	15-24
Vökvaáttaviti ¹ <i>Magnetic compass</i>	1*	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Áttaviti til miðunar <i>Compass with pelorus</i>					1	1	1	1	1	1	1	1
GPS staðsetningartæki <i>GPS navigational equipm.</i>									1	1	1	1
Björgunarbúningur ² <i>Immersion suit</i>									A	A	A	A
Björgunarvesti <i>Life jacket</i>	EN 395 EN 396	A	A	A	A	A	A	A	A	A	A	A
Björgunarringur eða björgunarskeifa <i>Lifebouy or horseshoe buoy</i>	1	1	1	2	1	1	1	2	1	1	1	2
Fallhlífflugeldar <i>Parachute rocket flares</i>	2 ³				3	3	4	4	6	6	6	6
Gúmmibjörgunarbátur <i>Inflatable liferaft</i>	A*	A	A	A	A	A	A	A	A	A	A	A
Metrabylgjustöð <i>VHF transmitter</i>	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Viðtæki vegna veðurspár <i>Radio receiver</i>	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Frífljótandi neyðarbauja eða neyðarsendir, EPIRB ⁴ <i>Emergency position- indicating radio beacon</i>					1	1	1	1	1	1	1	1
Neyðarfjarskiptabúnaður <i>Emergency radio equipment</i>									X	X	X	X
Neyðarvistir ⁵ <i>Emergency food ration</i>									1	1	1	1
Handblys <i>Hand flares</i>	2	2	2	2	3	3	4	4	6	6	6	6
Ljósastari <i>Search light</i>									1	1	1	1
Lyfjaskrín <i>First aid box</i>	1	1	1	1	1C	1C	1C	1C	1C	1C	1C	1C
Sjókort <i>Navigational charts</i>	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Sjónauki <i>Binoculars</i>	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Skipsklukka <i>Ship's clock</i>									1	1	1	1

¹ Sjá ákvæði 11. gr. reglugerðar þessarar um stærð og gerð.

² Heimilt er að veita undanþágu frá kröfu um björgunarbúninga á „heitum“ hafsvæðum.

³ Skemmtibátar sem ekki eru búnir gúmmibjörgunarbátum skulu hafa 2 fallhlífflugelda um borð.

⁴ Ekki er krafist neyðarbauja eða neyðarsendis um borð í skemmtibát, ef staðfesting liggur fyrir um að virkur neyðarsendir sé í gúmmibjörgunarbát.

⁵ Gildir aðeins um skip sem eru búnir gúmmibjörgunarbátum með neyðarpakka B.

Loftvog <i>Barometer</i>									1	1	1	1
Slökkvitæki ⁶ <i>Fire extinguisher</i>	1	1	2	4	1	1	2	4	1	1	2	4
Vatnshelt vasaljós <i>Watertight torch</i>	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Þokulúður <i>Fog-horn</i>		1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Þjóðfáni <i>National flag</i>					1	1	1	1	1	1	1	1
Siglingaljós og dagmerki <i>Navigation lights/shapes</i>	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Radarspegill <i>Radar reflector</i>					1	1	1	1	1	1	1	1
Krókstjaki <i>Boat hook</i>	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
<p>A: Búnaður skal vera fyrir alla sem um borð eru hverju sinni. (<i>Equipment for every person on board</i>).</p> <p>A*, 1*: Búnaðar eingöngu krafist í þeim skemmtibátum sem ætlaðir eru til útleigu í atvinnuskyni. (<i>Equipment required only for rental craft</i>).</p> <p>X: Almenn krafa um að fullnægjandi búnaður sé til staðar. (<i>General requirement on satisfactory carriage of equipment</i>).</p> <p>1C Merkir lyfjakista í flokki C samkvæmt reglugerð um lyf og læknisáhöld um borð í íslenskum skipum. (<i>First aid bag of type C according to regulations on medicine and medical care on Icelandic crafts</i>).</p>												

⁶ Að lágmarki fyrir skemmtibáta sem ekki eru CE-merktir. Um CE-merkta báta sjá 15. gr. reglugerðar þessarar.

TAFLA II
Neyðarpakki A, SOLAS 74.⁷
SOLAS A equipment pack.

Nr. No.	Innihald Content	Fjöldi Quantity
1	Kasthringur með 30 m línu <i>Rescue quoit with 30 m line</i>	1
2	Hnífur <i>Safety knife</i>	1 í allt að 12 manna bátum, 2 í 12 manna bátum og stærri
3	Ausa <i>Bailer</i>	1 í allt að 12 manna bátum, 2 í 12 manna bátum og stærri
4	Svampur <i>Sponge</i>	1
5	Rekakkeri með línu <i>Spare sea anchor with line</i>	2 1 til nota og annað til vara
6	Arar <i>Buoyant paddles</i>	2
7	Dósaupptakarar + skæri <i>Tin-openers + scissors of safety type</i>	3 + 2
8	Lyfjakista D <i>First-aid outfit</i>	1
9	Flauta <i>Whistle</i>	1
10	Fallhlífarflugeldar <i>Rocket parachute flares</i>	4
11	Handblys <i>Hand flares</i>	6
12	Reykmerki <i>Buoyant smoke signals</i>	2
13	Vasaljós með vararafhloðum og varaperu <i>Torch with spare set of batteries and spare bulb</i>	1
14	EPIRB neyðarsendir ⁸ <i>Emergency position-indicating radio beacon</i>	Sjá athugasemd nr. 8 See note No. 8
15	Merkjaspegill <i>Transmitting mirror</i>	1
16	Tafla um neyðarmerkjagjöf <i>Emergency signals</i>	1 sett 1 set
17	Lína og önglar til fiskveiða <i>Set of fishing tackle</i>	1
18	Matvæli minnst 10.000 kJ fyrir hvern mann <i>Food ration totaling not less than 10,000 kJ /pers.</i>	
19	Drykkjarvatn, minnst 1,5 l á mann <i>Fresh water, at least 1.5 l per person</i>	
20	Drykkjarmál <i>Drinking vessel</i>	1
21	Sjóveikitöflur <i>Anti-seasickness medicine</i>	1
22	Leiðbeiningar til þeirra sem eru á sjávarhásku <i>Instructions on how to survive on board an inflatable liferaft</i>	2
23	Leiðbeiningar um dvöl í gúmmibjörgunarbát <i>Instruction for immediate action</i>	1
24	Alpokar til varnar ofkælingu fyrir 10% þess sem báturinn má bera <i>Thermal protective aids for 10% of the max capacity</i>	
25	Viðgerðarsett, þar með talin loftdæla <i>Repair kit, including air pump</i>	1

⁷ Sjá International Life-Saving Appliance Code.

⁸ Ekki krafist neyðarsendis í gúmmibjörgunarbátum ef frífljótandi neyðarbauja samkvæmt töflu I er um borð.

TAFLA III
Neyðarpakki B, SOLAS 74⁵
SOLAS B equipment pack


Bátar 4-10 manna, eingöngu samþykktir til nota í skemmtibátum
með takmarkað farsvið og í strandsiglingum.

Nr. No.	Innihald Content	Fjöldi Quantity
1	Kasthringur með 30 m línu <i>Rescue quoit with 30 m line</i>	1
2	Hnífur <i>Safety knife</i>	1 í allt að 12 manna bátum, 2 í 12 manna bátum og stærri
3	Ausa <i>Bailer</i>	1 í allt að 12 manna bátum, 2 í 12 manna bátum og stærri
4	Svampur <i>Sponge</i>	1
5	Rekakeri með línu <i>Spare sea anchor</i>	2 (eitt til vara) 2 (one spare)
6	Arar <i>Buoyant paddles</i>	2
8	Lyfjakista D <i>First-aid outfit</i>	1
9	Flauta <i>Whistle</i>	1
10	Fallhlífarflugeldar <i>Rocket parachute flares</i>	2
11	Handblys <i>Hand flares</i>	3
12	Reykmerki <i>Buoyant smoke signals</i>	1
13	Vasaljós með vararafhloðum og varaperu <i>Torch with spare set of batteries and spare bulb</i>	1
14	EPIRB neyðarsendir ⁸ <i>Emergency position-indicating radio beacon</i>	Sjá athugasemd nr. 8 See note No. 8
15	Spegill til merkjagjafar <i>Transmitting mirror</i>	1
16	Tafla um neyðarmerkjagjöf <i>Emergency signals</i>	1 sett 1 set
21	Sjóveikitöflur <i>Anti-seasickness medicine</i>	1
22	Leiðbeiningar til þeirra sem eru á sjávarháská <i>Instructions on how to survive</i>	2
23	Leiðbeiningar um dvöl í gúmmibjörgunarbát <i>Instructions on how to survive on board an inflatable liferaft</i>	1
24	Alpokar til varnar ofkælingu fyrir 10%þess sem báturinn má bera <i>Thermal protective aids for 10% of the max capacity</i>	
25	Viðgerðarsett, þar með talin loftdæla <i>Repair kit, including air pump</i>	1

TAFLA IV
Neyðarvistir samkvæmt 8. gr.
Emergency rations according to Article 8

Nr. No.	Innihald Content	Fjöldi Quantity
7	Dósauptakara og skæri <i>Tin-openers + scissors</i>	3 + 2
10	Fallhlífarflugeldar <i>Rocket parachute flares</i>	2
11	Handblys <i>Hand flares</i>	3
12	Reykmerki <i>Buoyant smoke signal</i>	1
17	Lína og önglar til fiskveiða <i>Set of fishing tackle</i>	1
18	Matvæli minnst 10.000 kJ fyrir hvern mann <i>Food ration totaling not less than 10,000 kJ /person</i>	
19	Drykkjarvatn, minnst 1,5 l á mann <i>Fresh water, at least 1.5 l per person</i>	
21	Drykkjarmál <i>Drinking vessel</i>	1

TAFLA V
Legufæri
Mooring equipment



Skýringar við töflu.

Hefðbundin akkeri eru: „Fisherman“ og sambærileg stökkakkeri og krækjur.

Akkeri með mikið hald eru: Flaugakkeri s.s. Danfort, CQR, Bruce.